

Stjórn Úrvinnslusjóðs

363. stjórnarfundur, fimmtudaginn 31. október 2024 - kl. 13.15–14:55

TEAMS

Dagskrá samkvæmt fundarboði

A. Til kynningar (40 mín)

1. Niðurstöður Talnakönnunar – skýrsla um stöðu sjóða, frh.
2. Fundargerðir hagsmunaráðs 2024
3. Heimsókn norrænu systursamtaka Úrvinnslusjóðs í EXPRA 24. – 25. október 2024
4. Trúnaðarmál

B. Til samþykktar (45 mín)

5. Rekstraráætlun 2025
6. Umhverfis- og loftslagsstefna
7. Samskipta- og miðlunarstefna
8. Skjalastefna

C. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fara yfir stöðu mála (10 mín)

Fundinn sátu:

Stjórn:

Kristófer Már Maronsson, formaður (KMM),
Kristinn Már Reynisson (KMR),
Birta Sif Arnardóttir (BSA), vék af fundi frá kl. 13:30 til kl. 14:00
Hildur Hauksdóttir (HH), frá kl. 13:35
Jón Viggó Gunnarsson (JVG), til kl. 14:40
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ), til kl. 14:40

Líf Magneudóttir boðaði forföll

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Sandra Brá Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri (SBJ),
Guðlaugur G. Sverrisson (GGS),
Daníel Gunnarsson (DG)
Edda Andrésdóttir (EA) ritaði fundargerð

Samantekt ákvarðana fundarins:

1. Rekstraráætlun 2025 var samþykkt
2. Samskipta- og miðlunarstefna var samþykkt
3. Skjalastefna var samþykkt

Fundargerð

KMM leggur til að liður 4 í fundarboði verði færður aftast á dagskrána (verður liður 8). Samþykkt.

A. Til kynningar (40 mín)

1. Niðurstöður Talnakönnunar – skýrsla um stöðu sjóða, frh.

GGs kom inn á fundinn og kynnti upplýsingablað til skýringar á háu skilahlutfalli á heyrúlluplasti. Umræður. GGS vék af fundi.

2. Fundargerðir hagsmunaráðs 2024

SBJ lagði fundargerðir funda hagsmunaráðs fram til kynningar. Haldnir hafa verið þrjár fundir með ráðinu á yfirstandandi ári.

3. Heimsókn norrænu systursamtaka Úrvinnslusjóðs í EXPRA 24. – 25. október 2024

SBJ sagði frá fundinum þar sem m.a. var rætt um hlutverk framleiðendaábyrgðarkerfa í að draga úr umbúðamagni, áskoranir varðandi úrgangstölfræði, væntanlegar samræmdar úrgangsmörkingar frá ESB og áhrif þeirra á samræmdar mörkingar á Norðurlöndunum, útfærslu landanna á söfnun á víðavangi og mögulega samræmda nálgun á útfærslu á þrepaskiptingu gjalda ofl.

B. Til samþykktar (45 mín)

4. Rekstraráætlun 2025

DG kom inn á fundinn og fór yfir afkomu sjóða 2023–2025 sbr. framlagt yfirlit. Áætlunin byggir á niðurstöðu ársins 2023 og útkomuspá 2024. Fyrirvari var gerður um að breytingar muni eiga sér stað þar sem ekki eru allar tölur vegna yfirstandandi árs komnar inn. Spurningar og umræður. Áætlunin samþykkt. DG vék að því búnu af fundi.

5. Umhverfis- og loftslagsstefna

EA kynnti drög að nýrri umhverfis- og loftslagsstefnu. Spurningar, athugasemdir og umræður. Lagt fyrir sjóðinn að skoða stefnudrögin betur og leggja fyrir næsta fund.

6. Samskipta- og miðlunarstefna

EA kynnti drög að nýrri samskipta- og miðlunarstefnu. Stefnan styður við *Stefnu og starfsáætlun Úrvinnslusjóðs 2024 og framtíðarsýn til 2030*, með aukinni áherslu á ímyndarsköpun, markvissa upplýsingamiðlun, gagnsæi og skýrleika. Stefnan var samþykkt með orðalagsbreytingum.

7. Skjalastefna

EA kynnti drög að nýrri skjalastefnu. Stefnan er liður í að uppfylla kröfur laga um opinber skjalasöfn og tengist umbótum á innra starfi Úrvinnslusjóðs, þ.m.t. aukinni áherslu á gæða- og skjalastjórnun. Stefnan var samþykkt.

C. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fara yfir stöðu mála (10 mín)

JVG og LÓ véku af fundi

8. Trúnaðarmál

Fundi slitið 14:55. Næsti fundur ákveðinn þann 5. desember nk. og verður staðfundur.